

SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

STEFNA ÍSLENSKRA VERÐBRÉFA HF.

1. INNGANGUR

Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519 (hér eftir nefnt „ÍV“), er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki og veitir einkum þjónustu á sviði eignastýringar og verðbréfamiðlunar. Samfélagsleg ábyrgð er félaginu hugleikin í ljósi sérstöðu sinnar með höfuðstöðvar á landsbyggðinni og mikilvægi þess að fjármálafyrirtæki starfi ekki eingöngu í Reykjavík. Félagið hefur alla tíð lagt mikið upp úr því að styðja við bakið á íþróttafélögum og margvíslegri forvarnartengdri starfsemi og styrkja þannig umhverfi sitt og nærsamfélag.

Félagið leggur mikla áherslu á siðferði og samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni og telur að þeim verði best náð með ábyrgum stjórnendum sem hafa fagmennsku og gott siðferði að leiðarljósi í öllum sínum störfum, öðru starfsfólki til eftirbreytni. Starfsemi sem fram fer af hálfu félagsins er ábyrgðarfull og leggja viðskiptavinir ásamt öðrum hagsmunaaðilum mikið traust á félagið sjálft, stjórnendur þess og starfsmenn. Félagið er meðvitað um verðmæti þess trausts og hefur einsett sér það markmið að halda áfram því góða starfi sem það hefur veitt hingað til og að vera til fyrirmyndar á sínu sviði.

Félagið hefur sett sér markmið að hámarka sameiginlegt virði hluthafa félagsins, hagsmunaaðila og samfélagsins alls. Til að ná markmiði sínu um hámarkað virði allra hlutaðeigandi aðila, einsetur félagið sér m.a. að koma fram af heiðarleika, virðingu og ábyrgð. Þannig byggir félagið upp langtímasamband við viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila, samband sem byggir á gagnkvæmu trausti. Slíkt samband þarf að byggja hvort tveggja á fjárhagslegum grunni og ófjárhagslegum, enda eitt helsta markmið félagsins að ná góðum árangri. Þá telur ÍV að forsenda fyrir góðum fjárhagslegum árangri sé góður ófjárhagslegur árangur og öfugt. Því er það mat félagsins að nauðsynlegt sé fyrir fjármálafyrirtæki að vera meðvituð um áhrif starfsemi þess samfélagið og axla ábyrgð á þeim áhrifum. ÍV hefur frá upphafi unnið samviskusamlega að góðum árangri og hyggst halda því starfi áfram um ókomna tíð.

Markmið stefnu þessarar er að upplýsa viðskiptavini, hagsmunaaðila og hvern þann sem áhuga hefur um stefnu ÍV varðandi samfélagslega ábyrgð félagsins. Með samfélagslegri ábyrgð félaga er átt við að félagið taki mið að umhverfis-, félagsþáttum og stjórnarháttum í starfsemi sinni (UFS). ÍV hefur eins og áður segir frá upphafi lagt mikið upp úr samfélagslegri ábyrgð sinni en hér er sú áhersla sett fram með formlegum hætti. ÍV telur það felast í upplýsingaskyldu sinni að veita aðgengilegar upplýsingar um ófjárhagslegar stefnur og önnur málefni félagsins. Um leið þjónar stefnan hlutverki leiðarvísis fyrir starfsmenn og stjórnendur sem skuldbundnir eru til að fara eftir efni stefnunnar. Loks er stefna þessi liður í ferli fjármálafyrirtækis í að taka ábyrgð á þeim áhrifum sem starfsemi þess hefur á samfélagið.

ÍV stefnir að því að rekstur félagsins verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi. Virðing fyrir alþjóðlega viðurkenndum UFS viðmiðum eru forsenda þess að axla samfélagslega ábyrgð á starfseminni. Með hraðri þróun á sviði umhverfisverndar og bættra lífskjara er það markmið ÍV að vera meðtækilegt fyrir nýjum áherslum á hverjum tíma. Félagið hyggst aðlaga sig að tíðaranda hverju sinni og stuðla með þeim hætti að auknum og betri lífskjörum í samfélaginu. Þar af leiðandi er stefna þessi undir stöðugri endurskoðun og verður uppfærð í takt við breyttar áherslur.

2. UMHVERFISLEGIR ÞÆTTIR

ÍV leggur áherslu á að meta og lágmarka þau neikvæðu áhrif sem starfsemi félagsins kann að hafa á umhverfið. Félagið er meðvitað um hlutverk sitt í baráttunni við neikvæð umhverfisáhrif og styður heilshugar við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir í loftslagsmálum. Þá styður félagið einhuga göfug markmið á borð við kolefnishlutleysi Íslands árið 2040 og er meðvitað um stöðu sína innan þeirrar baráttu. Fjármálafyrirtæki skipta sköpum í baráttunni við neikvæð umhverfisáhrif og hyggst ÍV halda áfram að leggja sitt að mörkum. Meðal áherslna sem ÍV vinnur eftir eru:

Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar: Eitt af gildum ÍV er að góður árangur sé forsenda vaxtar og velgengni. Í því skyni setur félagið sér skýr markmið og markar leiðir til að ná settum markmiðum. ÍV telur að góður árangur náist ekki án þess að lögð sé áhersla á fjárfestingar þar sem leitast er við að ná fram fjárhagslegum hagnaði um leið og stuðlað er að jákvæðum UFS áhrifum. Þá fylgir hugtakinu sú krafa að ÍV axli ábyrgð á starfsemi sinni með tilliti til áðurnefndra UFS þátta. ÍV tekst á við allar áskoranir með það staðfastlega í huga að ná góðum árangri fjárhagslega sem ófjárhagslega.

Umhverfismarkmið: ÍV kappkostar í hvívetna við að lágmarka innra kolefnisspor starfsemi sinnar og starfsmanna. Við ákvörðunartöku um tilhögun funda, ferðalaga og innkaupa á vörum og þjónustu leitast félagið við að lágmarka kolefnisspor.

Orkunotkun: ÍV stefnir að því að öll sú orka sem nýtt er við starfsemina sé framleidd með sjálfbærum hætti þar sem því verður við komið. Jafnframt leitast ÍV við að viðhald tækjabúnaðar sem félagið hagnýtir sé með þeim hætti að orkunotkun sé lágörkuð.

Stuðningur við umbreytingarferli: Ljóst er að mikilla umbreytinga er þörf á öllum sviðum samfélagsins til þess að markmiðum á borð við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, Parísarsáttmálans og kolefnishlutleysis Íslands. ÍV skuldbindur sig til þess að styðja við umbreytingarferli viðskiptavina sinna og annarra hagsmunaaðila, einkum í nærumhverfi sínu.

Horft til framtíðar: Stefna félagsins er að taka mið af langtímaáhrifum ákvarðana. Félagið telur mikilvægt að sjá til þess að umbreytingar á sviði umhverfismála séu varanlegar og kappkostar að komast hjá lausnum sem duga einungis til skamms tíma. Áhersla ÍV er á langtímalausnir.

Sjálfbærni: Félagið leggur mikla áherslu á sjálfbærar lausnir í rekstri enda skapi slíkar lausnir viðskiptavinum, umhverfinu og samfélaginu ávinning til framtíðar. Þá telur félagið einnig að öll breyting í átt að frekari sjálfbærni, stórar sem smáar, séu af hinu góða og hvetur félagið því m.a. starfsmenn sína til að nýta vistvænar samgöngur, flokka og lágmarka sorp o.fl.

Vernd umhverfisins er ÍV hjartans mál. Félagið telur mikilvægt að stöðva neikvæða þróun á sviði umhverfismála með varanlegum hætti án þess að lífsgæði samfélagsins skerðist í kjölfarið. Enda telur félagið að baráttan við neikvæð umhverfisáhrif sé þáttur í bættum lífskjörum samfélagsins til lengri tíma.

3. FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Íslensk verðbréf hafa einsett sér það markmið að bjóða upp á öruggt og heilbrigt vinnuumhverfi fyrir starfsmenn sína. Félagið kemur fram við starfsfólk, viðskiptavini og samfélagið af virðingu í öllum sínum samskiptum. Þá er markmið félagsins að vera eftirsóttur vinnustaður sem laðar að sér hæfileikaríkt fólk á öllum sviðum. Félagið telur að til þess að ná slíku markmiði þurfa ákveðin skilyrði að vera í fyrirrúmi.

Virðing: Undir öllum kringumstæðum skal félagið virða viðeigandi lög, reglur og kjarasamninga um réttindi og skyldur starfsmanna. Í því felst að virða réttindi starfsfólks og með því bjóða uppá öruggt og heilbrigt vinnuumhverfi.

Jafnrétti: Í starfsemi sinni skal félagið tryggja jafnrétti á öllum sviðum starfsemi sinnar, ekki síst hvað varðar launaákvæðanir. Félagið hefur í því skyni lagt mikla áherslu á að fyllsta jafnréttis sé gætt á milli kynja við ráðningar og ákvörðun starfskjara.

Fjölbreytileiki: Á öllum sviðum starfsemi félagsins skal hvetja til fjölbreytileika og víðtækrar þátttöku.

Mannréttindi: Félagið útilokar að stunda viðskipti við gagnaðila sem brjóta í bága við alþjóðlega viðurkenndar reglur um mannréttindi og tryggir í hvívetna að félagið hafi ekki hag af starfsemi sem stundar mannréttindabrot.

Jákvæð áhrif: Félagið hefur sterka viðskiptasiðferðiskennd og leitast í hvívetna eftir að góður árangur þess, fjárhagslegur sem og ófjárhagslegur, grundvallist á jákvæðu siðferði og breyttni. ÍV leggur því rækt við góðar starfsvenjur og viðskiptasiðferði og stuðlar þannig að heilbrigðum viðskiptaháttum. Félagið styður margskonar félagslega starfsemi, m.a. á sviði íþróttar, æskulýðsstarfs og mannúðarmála, sem hefur jákvæð áhrif þvert á samfélagið.

Launagreiðslur: Félagið er meðvitað um mikilvægi starfsmanna og leitast eftir að bjóða sanngjörn laun sem taka mið af menntun, reynslu, frammistöðu í starfi og öðrum rökréttum forsendum. Forsendur á borð við kyn, húðlit, þjóðerni og fleiri hafa engin áhrif við launakjör.

4. STJÓRNARHÆTTIR

Félagið leggur áherslu á góða stjórnarhætti og skilyrðislausu fylgni við lög, reglur og samþykktir félagsins. Félagið fylgir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem er leiðbeiningarit útgefið af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Stefna þessi um samfélagslega ábyrgð er í fullu samræmi við stjórnarháttayfirlýsingu félagsins og þjónar tilgangi sem viðbót við hana. Vísað er til heimasíðu félagsins, www.iv.is, þar sem finna má ítarlega stjórnarháttayfirlýsingu.

Viðskiptasiðferði: Fjármálafyrirtæki sem ekki nýtur trausts og trúverðugleika á litla framtíð fyrir sér. Félagið gerir sér grein fyrir að traust og trúverðugleiki haldast í hendur við siðferði starfsmanna. Höfuðáhersla félagsins er því að tryggja traust og trúverðugleika félagsins gagnvart viðskiptavinum, hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Óhæði: Markmið félagsins er að vera óháð eignastýringarfyrirtæki sem keppir ekki við viðskiptavinum sína um bestu fjárfestingakostina. Það endurspeglast m.a. í innri reglum félagsins, stefnum og þeirri viðskiptahugmynd sem starfsemi félagsins byggir á.

Upplýsingagjöf: Fjármálafyrirtækjum er skylt að veita opinberar upplýsingar um helstu þætti starfsemi sinnar með viðvarandi hætti. ÍV sinnir slíkri upplýsingagjöf samviskusamlega og hefur ekki brotið lög, reglur eða tilmæli FME í starfseminni. Þar að auki birtir ÍV fréttir af starfsemi sinni á heimasíðu félagsins (www.iv.is) og sendir jafnframt út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið.

Óhæði stjórnar: Stjórn ÍV er skipuð þremur mönnum og tveimur til vara. Markmið félagsins er að á hverjum tíma skuli meirihluti stjórnar vera óháður félaginu, stjórnendum og stórum hluthöfum þess samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um stjórnarhætti á óhæði í þessu tilliti. Þá skal forstjóri eða framkvæmdastjóri ekki sitja í stjórn félagsins.

Kynjahlutföll stjórnar: Á hverjum tíma skal leitast eftir af fremsta megni að kynjahlutfall stjórnar sé með sem jöfnustum hætti.

Endurskoðun: Hámarksráðningartími endurskoðanda er 10 ár samkvæmt lögum en félagið hefur sett sér þá stefnu að samfelld ráðningartímabil endurskoðanda eða endurskoðunarstofu sé ekki lengra en 5 ár.

5. LOKAORÐ

ÍV leggur megináherslu á að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og leitar ávallt leiða til að fara fram úr væntingum viðskiptavina. Slík loforð eru algeng á sviði þjónustu en ÍV vill gera gott betur og veita samfélaginu sem heild framúrskarandi þjónustu. Félaginu er umhugað um umhverfið og samfélagið og leitast því eftir að koma fram af heiðarleika og virðingu. Með því vonast ÍV til að veita samfélaginu og öllum hagsmunaaðilum framúrskarandi þjónustu óháð því hvort aðilar séu í beinum viðskiptum við félagið, heimilisfastir í nágrenni eða andi að sér sama lofti og starfsmenn félagsins.

Verkefnið sem við stöndum öll frammi fyrir er krefjandi og nauðsynlegt er að allir leggi sitt að mörkum til að ná settum markmiðum. Til þess þurfa allir, einstaklingar sem lögaðilar, að átta sig á sínu hlutverki í baráttunni. ÍV er meðvitað um mikilvægi hlutverks síns og kemur til með að halda áfram að sinna því af mikilli kostgæfni um ókomna tíð.


Einstaklingar geta sett fram fyrirspurnir og sent inn beiðnir með tölvupósti á netfangið iv@iv.is varðandi öll mál sem tengjast starfsemi félagsins og samfélagslegrar ábyrgðar þess.

Viðskiptavinir og aðrir hagsmunaaðilar geta treyst því að starfsemi félagsins og dótturfélaga sé eyrnamerkt stefnu þessari.

* * *

Samþykkt af stjórn Íslenskra verðbréfa hf.

29. október 2020

Three handwritten signatures in blue ink are present. The top signature is the most prominent and appears to be 'Dottir'. Below it, to the left, is a shorter signature, and to the right is a longer, more complex signature.